



## Hreppsnefnd 23.09.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 23. sept. 2002

Fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn mánudaginn 23. sept. kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, oddviti, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson..

Áður en gengið var til auglýstrar dagskrár skýrði oddviti Emil Sigurjónsson frá því að hann, varaoddviti Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson form. stjórnar Tanga hf. og sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson, hefðu sett fund með Elvari Aðalsteinssyni, framkvæmdastjóra Hraðfrystihúss Eskifjarðar. Á fundinum hefði verið rætt um aðkomu Hraðfrystihússins að rekstri Tanga h/f í ljósi eignaraðildar þess að Tanga h/f, en sem kunnugt er hefur Hraðfrystihús Eskifjarðar keypt 47,48 % hlut í Tanga h/f. Fundurinn hefði verið mjög gagnlegur og hreinskiptinn. Skýrt hefði komið fram vilji framkvæmdastjóra Hraðfrystihússins til þess að vinna að því með heimamönnum að efla fyrirtækið Tanga sem mest og þar með atvinnu á Vopnafirði. Ráðgert er að hluthafafundur í Tanga h/f verði á fimmtudaginn 3. okt. nk. og verður eftir þann fund gefin út sameiginleg yfirlýsing aðila um rekstur og uppbyggingu á Tanga h/f.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 9. sept. sl. Fundargerðin samþykkt með lítilsháttar orðalagsbreytingum.

2. mál Fundargerð atvinnumálanefndar frá 19. sept. sl. Fundargerðin rædd og var nokkur umræða um hvernig eigi að gera samspil atvinnumálanefndar og hreppsnefndar sem skilvirkast.

Samþykkt var að komið verði á sama fyrirkomulagi á störfum atvinnumálanefndar og sérstaks starfshóps hreppsnefndar um atvinnumál og var fyrir kosningar. Miða skal við að starfshópurinn fundi að jafnaði hálfsmánaðarlega. Varðandi ósk atvinnumálanefndar um framlag til gerðar viðskipta -og markaðsáætlunar, var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að unnin verði viðskipta –og markaðsáætlun fyrir verkefnið Mölle Skovly sbr. fundargerð atvinnumálanefndar frá 19. sept. sl. Framlag hreppsins til þessarar vinnu verði að hámarki kr. 200.000 .”

Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

3. mál. Aðalfundur Skólaskrifstofu Austrulands 14. okt. nk., kosning fulltrúa.

Hreppsnefnd samþykkti að fulltrúi hreppsins á aðalfund skólaskrifstofu Austurlands verði Björn H. Sigurbjörnsson og til vara Þorsteinn Steinsson.

4. mál. Íbúðalánasjóður, bréf dags. 16. sept. sl. varðandi umsóknir um lán til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði árið 2003 og heimild sveitarfélagsins til að ráðstafa viðbótarlánnum á árinu 2003. Sveitarstjóri skýrði erindi bréfsins. Sveitarstjóra falið að sækja um lán til Íbúðarlánasjóðs til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði. Jafnframt að sækja um lánsloforð vegna viðbótarlána. Samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Ýmsar fundargerðir og innsend gögn:

a) Fundargerðir Launanefndar sveitarfélaga frá 21. ágúst og 4. sept. sl.

b) Fundargerð samstarfsnefndar Kennarasambands Ísl. og Launanefndar sveitarfélaga, vegna

grunnskóla frá 27. ágúst sl.

c) Gögn frá aðalfundi SSA 22.-23. ágúst sl.

Spurt var um ályktanir um samgöngumál frá aðalfundi SSA og hverju það sætti að þar væri ekki að sjá ályktun um vegtengingu um Hofsárdal upp á Hringveg. Sveitarstjóri svaraði framkominni fyrirspurn og gerði grein fyrir því að slík ályktun hefði ekki komið til umfjöllunar á fundinum en unnið væri að framgangi þeirrar tengingar í samvinnu við Vegagerð ríkisins.

d) Bréf dags. 10. sept. sl., frá ÚÍA, þar sem óskað er eftir fjárstyrk.

Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar.

e) Fjárlaganefnd Alþingis bréf dags. 9. sept. varðandi viðtöl við nefndina. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum er ræða þyrfti við nefndina og voru þar nefnd verkefni svo sem hafnarframkvæmdir, uppbygging Kaupvangs, flugsamgöngur, vegamál, menningar og atvinnumál.

Sveitarstjóra var síðan falið að kynna þessi mál fyrir Fjárlaganefnd Alþingis

f) Hollustuvernd ríkisins bréf dags. 9. sept. sl., varðandi útgáfu á starfsleyfi fyrir urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl. Í bréfinu kemur fram að starfsleyfi hefur verið veitt fyrir urðunarstaðinn til 1. okt. 2012.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.